

**177** símtöðvanna í Reykjavíkumdæmi, nema þeirra, er heyra undir bæjarsímann í 10. okt. Reykjavík.

Póst- og símamálastjóri ákveður nánar um verkskiptingu þessara deilda.

3. gr.

5. grein falli burtu.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1961.

*Póst- og símamálaráðherrann, 10. október 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

G. Briem.

**178**

12. okt.

## AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanevndar.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar út af tekju- og eignarskatti, álögðum utan Reykjavíkur, vera til 31. október 1960.

Kærufrestur fyrir Reykjavík verður auglýstur síðar.

*Fjármálaráðuneytið, 12. október 1960.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

Jón Skaftason.

**179**

1. ágúst

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um tekju- og eignarskatt nr. 147 30. des. 1955.

1. gr.

Í stað orðanna í 4. mgr. A-lið 28. gr.:

„Hótelinnbú annað en borðbúnaður 5%“ komi: Hótelinnbú annað en borðbúnaður 10%.

Aftan við 4. mgr. A-lið 28. gr. komi ný grein, þannig:

Gistihús meðan á starfstíma stendur (af kostnaðarverði) 4%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um tekju- og eignarskatt nr. 46 frá 1954 og kemur til framkvæmda við skattálagningu fyrir árið 1960.

*Fjármálaráðuneytið, 1. ágúst 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

Sigtr. Klemenzson.